



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur um afnot af eignum sveitarfélagsins

Bifreiðir sveitarfélagsins

Allar bifreiðar sveitarfélagsins skulu auðkenndar og merktar sveitarfélaginu.

Bifreiðar sveitarfélagsins skulu einungis nýttar í þágu sveitarfélagsins. Öll einkanot bifreiða eru með öllu óheimil.

Óheimilt er að nýta bifreiðar sveitarfélagsins til akstur fyrir hvers konar félagasamtök. Félagasamtök geta óskað eftir styrk til sveitarfélagsins vegna leigu á hópbifreið, allt í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni.

Bifreiðar sveitarfélagsins skulu vistast við starfsstöð áhaldahússins þegar þær eru ekki í notkun. Heimilt er, ef bifreið er nýtt til ákveðinna daglegra verkefna sem hefjast snemma að morgni og stendur yfir allan daginn, s.s skólaakstur, að staðsetja bifreið við heimili ökumanns utan reglulegs aksturs. Að sama skapi er heimilt að staðsetja bifreið við heimili starfsmanns sem er á bakvakt. Yfirmenn sveitarfélagsins geta þó einir veitt þá heimild.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til áminninga sé brotið á reglum þessum um afnot af bifreiðum sveitarfélagsins.

Afnot af vélum, tækjum, áhöldum og húsnæði sveitarfélagsins.

Afnot starfsfólk af hvers konar vélum, tækjum og áhöldum í eigu sveitarfélagsins til eigin nota er óheimil.

Afnot starfsfólks af öllu húsnæði sveitarfélagsins og áhöldum til eigin nota er óheimil.

Rekstraraðilar og umsjónaraðilar félagsheimila sveitarfélagsins geta einir veitt heimild til afnota af húsnæði, aðstöðu og áhöldum annars vegar félagsheimilinu í Árnosi og hins vegar í félagsheimilinu í Brautarholti en ber þá að greiða endurgjald eins og almenn gerist, allt í samræmi við gjaldskrár húsanna. Skal notandi húsnæðis fara eftir þeim reglum sem gilda í húsunum varðandi umgengni og frágang.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. mars 2023